

Fimmtudaginn 21. mars 1996.

Nr. 69/1994.

**Búnaðarbanki Íslands**

(Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

**Þrotabúi Jóns Friðrikssonar**

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

Handveð. Hlutabréf. Gjaldþrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1994. Hann krefst þess, að héraðsdómi verði hrundið og staðfest verði, að hann hafi að handveði 47 hlutabréf í Sæplasti hf., að nafnverði 3.728.000 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt samþykktum Sæplasts hf. voru hlutabréf þau, sem um er deilt í máli þessu, gefin út til Jóns Friðrikssonar með þeirri árituðu takmörkun, að óheimilt væri að veðsetja þau án samþykkis stjórnar Sæplasts hf. Fyrir lá rökstudd synjun um þetta samþykki, þegar gjaldþrot Jóns bar að höndum. Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands, greiði stefnda, þrotabúi Jóns Friðrikssonar, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 1994.**

Mál þetta var höfðað með stefnu, dags. 29. mars 1993, og dómtekið 21. desember sl. Stefndandi er þrotabúi Jóns Friðrikssonar, kt. 090449-4519,

Bollagörðum 29, Seltjarnarnesi. Stefnt er Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169-1219, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess, að stefndi afhendi 47 hlutabréf í Sæplasti hf., Dalvík, sem eru í vörslum stefnda. Hlutabréfin eru samtals að nafnverði 3.728.000 kr. Bréfin eru merkt með eftirtöldum númerum: 100.000 króna bréf: 113-120, 150-151, 157-159, 167-169 og 811-831; 10.000 króna bréf: 669 og 670; 1.000 króna bréf: 522-529. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

## I.

Bú Jóns Friðrikssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Seltjarnarness 24. janúar 1990. Meðal eigna þrotamanns, er koma til skipta, eru hlutabréf þau í Sæplasti hf., sem krafist er afhendingar á í máli þessu.

Protamaður hafði afhent stefnda bréfin árið 1988. Ekki er önnur skjalfest staðfesting á þeirri afhendingu en yfirlýsing stefnda, dags. 10. mars 1988, en þar segir m. a.: „Hlutabréf þessi eru til tryggingar skuldbindingum Jóns Friðrikssonar og Gellis hf. við Búnaðarbanka Íslands, þar til frekari tryggingar hafa verið lagðar fram.“

Með bréfi, dags. 23. maí 1989, óskaði stefndi eftir samþykki stjórnar Sæplasts hf. við veðsetningu bréfanna. Þessu erindi svaraði framkvæmdastjóri Sæplasts hf. með bréfi, dags. 19. júní 1989, þar sem hann segir stjórn félagsins hafa hafnað erindinu. Í bréfinu kemur m. a. fram, að til hafi staðið að gefa öll viðskipti með hlutabréf í félaginu frjáls, og sagt, að rétt þyki, að eitt gangi yfir alla í því efni.

Eins og áður segir, var bú Jóns Friðrikssonar tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 24. janúar 1990. Skiptastjóri krafðist afhendingar hlutabréfanna með bréfi til stefnda, dags. 29. mars 1990, og ítrekaði þá kröfu með bréfi, dags. 26. apríl s. á. Stefndi afhenti ekki hlutabréfin.

Á hlutabréfin, sem um er deilt, eru tekin upp nokkur ákvæði úr samþykktum Sæplasts hf. Er það m. a. ákvæði 9. gr. samþykktanna, en 1. mgr. hljóðaði svo:

„Óheimilt er að veðsetja hlutabréf í félaginu án samþykkis stjórnar félagsins.“

Þessu ákvæði samþykktanna var breytt á aðalfundi félagsins 5. júlí 1990 þannig, að öllum hömlum á viðskipti með hlutabréf í félaginu var aflétt.

Stefnandi hóf málarekstur sinn á hendur stefnda með innsetningarbeiðni til fógetaréttar Reykjavíkur árið 1990. Því máli lauk með dómi Hæstaréttar 9. október 1992, þar sem synjað var innsetningar í umráð hlutabréfanna.

## II.

Stefnandi styður mál sitt því, að ekki hafi stofnast gild handveð stefnda til handa í umræddum hlutabréfum. Stefndi hafi tekið við þeim til tryggingar, en enginn fullnægjandi formlegur samningur hafi verið gerður um veðsetninguna. Samþykkis stjórnar Sæplasts hf. hafi ekki verið leitað fyrr en síðar og það þá ekki verið veitt.

Stefnandi telur, að síðari breytingar á samþykktum Sæplasts hf. breyti ekki því, að gild veðsetning hafi ekki farið fram. Hafi þrotabúið krafist afhendingar bréfanna, áður en sú breyting var gerð.

Þá bendir stefnandi á, að ekki sé ljóst, hvað hafi átt að tryggja með svo nefndri handveðssetningu. Nefnt sé til sögunnar félagið Gellir hf., en hlutafélag með þessu nafni hafi aldrei verið skráð. Skráð hafi verið sameignarfélagið Gellir, er undir það síðasta hafi verið einkafirma þrotamanns.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 svo og lög nr. 50/1988, að því er varðar greiðslu virðisaukaskatts.

## III.

Stefndi mótmælir sjónarmiðum stefnanda og telur, að stofnast hafi fullgilt handveð í hlutabréfunum. Hann telur, að ljóst hafi verið, hvað handveðið átti að tryggja.

Hann segir, að veðsali, þ. e. þrotamaður, hafi verið eigandi bréfanna, og hafi hann verið sviptur umráðum þeirra. Til stofnunar veðs þurfi gilt loforð, og það hafi verið gefið. Hann mótmælir því, að samþykki stjórnar Sæplasts hf. hafi þurft að koma til fyrir fram. Slík skýring, telur stefndi, að standist ekki.

Stefndi telur, að stjórn Sæplasts hf. hafi ekki synjað samþykkis til veðsetningarinnar endanlega, heldur einungis að svo stöddu, meðan hömlur á meðferð hlutabréfa hefðu ekki verið numdar úr samþykktum félagsins. Hafi sér því verið heimilt að halda bréfunum í sínum vörslum, uns hömlunum yrði aflétt. Synjunin hafi ekki verið endanleg og ekki óhugsandi, að veðsetningargerningurinn frá 10. mars 1988 öðlaðist gildi. Er hömlunum var aflétt, hafi veðsetningin öðlast gildi frá og með stofnun hennar. Skýrir hann réttaráhrif synjunar stjórnar Sæplasts hf. í samræmi við sjónarmið um skilyrt loforð og vísar til kenninga viðurkenndra fræðimanna um það atriði.

Lagarök kveðst stefndi að öðru leyti sækja í meginreglur samningaréttar, kröfuréttar og veðréttar, í lög nr. 32/1978 um hlutafélög og lög nr. 86/1985 um viðskiptabanka. Málskostnaðarkröfu styður hann sömu rökum og stefnandi.

## IV.

Líta verður svo á, að afhending hlutabréfanna til stefnda hafi verið handveðssetning, þó að skriflegur samningur hafi ekki verið gerður. Hlutabréf þessi voru seld stefnanda með þeirri takmörkun, að veðsetning var óheimil, nema sérstakt leyfi kæmi til. Veðsetning þeirra var því óheimil, er hún var gerð.

Bréf framkvæmdastjóra Sæplasts hf. verður að telja vera beina synjun samþykkis fyrir veðsetningu hlutabréfanna. Þá felst ekki í bréfinu slíkur fyrirvari, að þýðingu hafi í þessu máli.

Er bú Jóns Friðrikssonar hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, krafðist bústjóri þrotabúsins afhendingar bréfanna. Var stefnda þá þegar skylt að láta þau af hendi, þar sem handhöfn hans á bréfunum studdist ekki við gildan löggæring. Þó að samþykktum Sæplasts hf. hafi síðar verið breytt á þann veg að heimila veðsetningu hlutabréfa án sérstaks samþykkis, verður það ekki talið hafa í för með sér, að veðsetning Jóns Friðrikssonar á umræddum hlutabréfum hafi þá tekið gildi eða orðið virk. Verður stefndi dæmdur til að afhenda stefnanda hlutabréfin, svo sem krafist er.

Rétt er, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem að með töldum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun verður ákveðinn 400.000 kr.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, afhendi stefnanda, þrotabúi Jóns Friðrikssonar, eftirtalin hlutabréf í Sæplasti hf.:

100.000 króna bréf: nr. 113-120, 150-151, 157-159, 167-169 og 811-831;

10.000 króna bréf: nr. 669 og 670;

1.000 króna bréf: nr. 522-529.

Stefndi greiði stefnanda 400.000 kr. í málskostnað.

---